

**Nd.**

**373. Breytingartillaga**

[108. mál]

við frv. til l. um afnám laga nr. 27/1954, um verðlagsskrár.

Frá fjárhagsnefnd.

Á eftir 2. gr. komi svo hljóðandi

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Nú er í gildi samningur um, að greiðsla skuli miðuð við verðlagsskrá, og skal hagstofustjóri þá meta greiðsluna til peningaverðs, nema aðilar komi sér saman um annað.